



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. mars 2014

Efni: Tillaga til þingsályktunar um um áhættumat vegna ferðamennsku 216. mál

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreindar tillögu til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri:

Samtökin eru sammála efnistöfum þingsályktunartillögunnar um nauðsyn áhættumats tengt ferðamennsku. Öryggi og gæði í íslenskrri ferðaþjónustu eru gríðarlega mikilvæg til að viðhalda vexti og framgangi greinarinnar og er nauðsynlegt að þeir sem starfa í og við ferðaþjónustu geri sér grein fyrir þeim hættum sem að steðja hverju sinni.

Samtökin leggjast gegn því að áhættumat verði gert fyrir Ísland vegna ferðamennsku. Ísland er mjög víðfeðmt land og engan veginn hægt að tæma þann lista sem áhættumat landsins getur byggt á. Áhættumat byggist á aðstæðum sem upp kunna koma og geta valdið hættu. Áhættumat getur tekið breytingum bæði í tíma og rúmi. Því er ljóst að ef tillögur þingsályktunar ná fram að ganga þarf að endurmeta áhættuna reglulega með tilheyrandi kostnaði fyrir utan stofnkostnað en hann er ekki tilgreindur í tillögunni. Efni þingsályktunarinnar um sérstakar reglur á þeim svæðum sem eru efsta flokki er til þess fallið að veikja ferðaþjónustu hér á landi og gæti valdið órökstuddum lokunum.

Samtökin taka undir mikilvægi þess sem fram kemur í greinargerð þingsályktunartillögunnar um að vinna skuli að öryggisflokkun ferðamannastaða en slíkt þarf ekki að tengjast áhættumati landsins heldur vera unnið í samstarfi hagsmunaaðila, sveitarfélaga og þeirra stjórnsýslustofnana sem máið varðar.

VAKINN er gæðakerfi íslenskrar ferðaþjónustu sem miðar að því að fyrirtæki geri sjálf öryggisáætlanir með tilheyrandi áhættumati í þeim ferðum sem í boði eru. Einnig hafa verið uppi hugmyndir um að krafan um öryggisáætlun verði gerð að skyldu fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Samtök ferðaþjónustunnar telja að öryggisáætlanir eigi taka til aðgerða og viðbrigða þeirra sem starfa á vettvangi sem byggjast á þeim atvikum sem boðið geta hættunni heim.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson